



## Álverð hefur ekki verið hærra í áratug

Heimsmarkaðsverð á áli hefur hækkað mikið á síðustu fjórðungum og er nú komið í 10 ára hámark en verðið hefur ekki verið jafn hátt síðan á sumarmánuðum 2011.

Álverð lækkaði töluvert á síðasta ári þegar faraldurinn braust út, líkt og flestar aðrar hrávörur. Meðalverð í janúar á síðasta ári var 1.773 Bandaríkjadalir og lækkaði það niður í 1.460 dali í maí á síðasta ári. Svo lágt hafði verðið ekki farið síðan í alþjóðlegu fjármálakreppunni 2008/2009 en þá fór það niður í 1.330 dali í febrúar 2009. Síðan í maí á síðasta ári hefur álverð leitað upp á við og er yfir 2.400 dalir þessa dagana. Það er vel að merkja ríflega þriðjungum hærra verð en í janúar á síðasta ári, þ.e. áður en faraldurinn braust út.


### Verð á öðrum málum hefur einnig hækkað mikið

Verðhækkun á áli er ekkert einsdæmi en almennt hefur verð á hrávörum hækkað mikið frá vormánuðum síðasta árs og er verð sumra þeirra orðið töluvert hærra en fyrir heimsfaraldurinn. Verð á öðrum málum en áli hefur einnig hækkað mikið og er í flestum tilfellum orðið hærra en fyrir faraldur. Verð á tini var í maí 91% hærra en í janúar á síðasta ári og verð á kopar 68% hærra. Verð á sinki, nikkeli og blýi hefur hækkað um á bilinu 13-30% á þessu tímabili.

### Minni tenging milli álverðs og raforkuverðs en áður

Hreinar gjaldeyristekjur þjóðarbúsins af innlendri álframleiðslu og útflutningi áls, þ.e. laun, tekjur af rafmagnssölu, opinber gjöld og ýmis önnur vöru- og þjónustukaup hafa á síðustu árum að litlu marki sveiflast með álverði. Ástæðan er m.a. sú að laun taka ekki mið af álverði og samningar innlendra raforkuframleiðenda við álverin hafa falið í sér fremur litla álverðstengingu. Þessi mikla hækkun á álverði á síðustu fjórðungum mun því líklega ekki skila sér að miklu marki í auknum nettó gjaldeyristekjum þjóðarbúsins en mun vissulega styrkja rekstrargrundvöll framleiðslunnar.

USD/tonn Heimsmarkaðsverð áls




Heimild: Macrobond

Verðbreyting á ýmsum málum



Breyting milli maí á þessu ári og janúar á síðasta ári

Hreinar gjaldeyristekjur og álverð




Heimild: Macrobond, Samál



## Framleiðslan hér á landi eltir álverðið að einhverju leyti

Innlend álver geta aðlagð framleiðslumagn sitt að nokkru leyti eftir álverði. Þannig hafa þau ákveðið svigrúm til þess að draga úr framleiðslu ef álverð er lágt og draga þar með úr taprekstri. Þetta svigrúm er þó bundið ákveðnum skilyrðum gagnvart innlendum raforkusölum. Álverin nýttu sér þetta svigrúm á síðasta ári að einhverju leyti með því að draga úr framleiðslu samfara lækkandi álverði. Þannig dróst framleiðslan saman um 3,5% á fyrsta ársfjórðungi borið saman við sama tímabil árið áður og um 8,1% á öðrum fjórðungi. Vegna verðhækkunar á áli er framleiðslan tekin að aukast á ný. Það má gera ráð fyrir að framleiðslan aukist töluvert á þessu ári og að álverin verði keyrð á fullri framleiðslugetu.

### Innlend álframleiðsla og álverð



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.